

Birtingar í nafni Háskóla Íslands

Lagt er til að skylt verði að auðkenna allt efni sem starfsfólk Háskóla Íslands birtir á grundvelli rannsókna sinna á innlendum eða erlendum vettvangi með heiti Háskóla Íslands. Sama gildir um starfsfólk tengdra stofnana sem gert hafa samning við Háskóla Íslands um auðkenni birtinga. Fyrir birt efni sem ekki er auðkennt með framangreindum hætti fást ekki rannsóknastig og það veitir því hvorki rétt til vinnuatsgreiðslna né telst það viðkomandi deild til tekna við skiptingu fjárveitingar.

Það er sjálfsögð krafa að starfsfólk Háskólans merki efni sitt Háskóla Íslands, en því miður er alltaf einhver misbrestur þar á. Það er mikið hagsmunamál fyrir Háskóla Íslands að merki hans sé haldið á lofti þegar háskólafólk birtir ritverk sín. Það er sérstaklega bagalegt þegar greinar háskólamanna sem birtast í tímaritum sem skráð eru í svokallaða ISI gagnagrunna eru ekki merktar Háskóla Íslands. Fjöldi slíkra greina er einn mikilvægasti mælikvarðinn við alþjóðlega röðun háskóla.